



Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF FEBRÚARMÁNAÐAR 2024



VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM



FV@VESTFIRDIR.IS



WWW.VESTFIRDIR.IS



450-6600

STOLT FJÖLMENNINGARSAMFÉLAG

Sjávarþorp á Vestfjörðum hafa lengi verið rík af íbúum af erlendum uppruna og lengst af var hlutfall þeirra verið hæst á Vestfjörðum, þó það hafi tekið nokkrum breytingum síðustu ár. Heimafólk hefur löngum lagt sig fram um að taka vel á móti nýjum íbúum og hafa mörg spennandi verkefni sprottið úr þeim auðuga jarðvegi. Má nefna fjölmenningshátíðir sem haldnar hafa verið, stofnun Fjölmenningsseturs, Tungumálatófra og nú síðast Gefum íslensku séns. Margir einstaklingar hafa sett sinn svip á samfélögin og má þar nefna Ruth Tryggvason sem fluttist til Ísafjarðar frá Danmörku var gerð að heiðursborgara Ísafjarðarbæjar. Okkar auðuga tónlistar- og menningarlíf getum við líka þakkað fjölda kennara af erlendum uppruna sem kenna í tónlistarskólum á Vestfjörðum. Þá er haldin Alþjóðleg Píanóhátíð Vestfjarða á sunnanverðum Vestfjörðum ár hvert að frumkvæði Andrew Yang.



Árið 1998 voru erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi 2% af heildarfjölda íbúa. Á Íslandi búa nú samkvæmt Þjóðskrá 400.435 íbúar þar af eru 324.515 íslenskir ríkisborgarar og 75.920 erlendir ríkisborgarar sem er um 19% af heildaríbúafjölda þjóðarinnar. Í Reykjavíkurborg eru erlendir ríkisborgarar 22,7% af heildarfjölda íbúa. Á Vestfjörðum er hlutfall erlendra ríkisborgara 23% af heildarfjölda íbúa, fæstir eru í Árneshreppi eða 4% flestir í Vesturbyggð eða 32%. Í sveitarfélögum landsins er hlutfall íbúa af erlendum uppruna alveg frá 4% upp í 63% í Mýrdalshreppi.

Hlutfall íslenskra ríkisborgara hefur því sannarlega lækkað jafnt og þétt þar sem erlendum íbúum hefur fjölgað ekki bara þar sem sjókvíaelði á laxi er stundað heldur víða um land. Sveitarfélögin Hornafjörður (31%), Mýrdalshreppur (63%), Skaftárhreppur (44%), Ásahreppur (30%), Bláskógabyggð (36%), Borgarbyggð (25%), Grundarfjarðarbær (28%), Snæfellsbær (26%), Reykjanesbær (33%), Vesturbyggð (32%) og Reykjavíkurborg (23%) eiga það öll sameiginlegt að þar hefur íslenskum ríkisborgurum fækkað hlutfallslega sem er það sem gerist þegar erlendum ríkisborgurum fjölgar. Tölur í sviga vísa til hlutfalls íbúa af erlendum uppruna.

Við búum í landi sem reiðir sig í síauknum mæli á innflytjendum til að vinna í höfuðatvinnugreinunum, ferðaþjónustu, sjávarútvegi, iðnaði og nú fiskeldi. Hjá hinu opinbera starfa tæplega 9.000 innflytjendum sem meðal annars standa undir þjónustu við aldraða og sinna öðrum störfum á heilbrigðisstofnunum landsins. Upp á síðkastið hafa birst greinar og ótrúlega sorglegur málf lutningur þar sem lagt er út af því að hátt hlutfall íbúa af erlendum uppruna í einstökum byggðakjörnum sé slæmt og ályktað að Íslendingum fækki hlutfallslega vegna þess að þar er starfrækt fiskeldi eða ferðaþjónusta. Hvaða skilaboð erum við með slíkum málf lutningi að senda því fólki sem hér býr og starfar?

Við búum í sibreytilegum heimi og erum þjóð auðug af auðlindum. Við hins vegar erum ekki nægilega mörg til að standa undir þeim kröfum sem við Íslendingar gerum til framúrskarandi lífskjara. Við horfum á framúrskarandi árangur innflytjenda og barna þeirra sem ná þrátt fyrir andstreymi að skara framúr og ná frábærum árangri. Á samfélagsmiðlum er einmitt verið að benda á frábær dæmi svo sem Laufeyju Lín, Emilíönu Torrini og Sveindísi Jane.

Samfélagið okkar breytist í takt við þennan raunveruleika og verkefni okkar eru að ná að stilla saman strengi gamla og nýja Íslands. Í minnstu bæjum og þorpum landsins þurfum við að ná að opna kvenfélögin og björgunarsveitirnar þannig að erlendu íbúarnir okkar finni sig velkomin og skilji mikilvægi þessara máttarstólpa byggðanna. Kórastarf, áhugaleikfélög, Lions og Oddfellow eru mikilvæg tæki inngildingar fullorðins fólks rétt eins og íþróttar- og tólmundastarf er það fyrir börn og ungmenni. Svo eru það þorablótin, bærjarhátíðirnar, pöbbinn og allt hitt. Gefum við öllum séns?

SAMIÐ VIÐ VSÓ RÁÐGJÖF UM GERÐ SVÆÐISSKIPULAGS VESTFJARÐA

Í upphafi mánaðar var upplýst um að Fjórðungssamband Vestfirðinga hefði fyrir hönd sveitarfélaga á Vestfjörðum, tekið tilboði VSÓ ráðgjafar ehf, í gerð Svæðisskipulags Vestfjarða. Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða ber ábyrgð á gerð skipulagsins en nefndina skipa tveir fulltrúar úr hverju eftirtalinna sveitarfélaga; Súðavíkurreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður og Ísafjarðarbær.

VSÓ ráðgjöf var lágstbjóðandi en tilboð fyrirtækis ins hljóðaði upp á 79,3 mkr sem er 95,3% af kostnaðaráætlun er nam 83,2 mkr, samstarfsaðili með VSÓ ráðgjöf í verkefninu verður Urbana ehf. Alls bárust fjögur önnur tilboð, þar af tvö sem voru innan kostnaðaráætlunar. Aðrir bjóðendur voru EFLA hf, Yrki arkitektar, Verkis og Landmótun.

Fjórðungssamband Vestfirðinga þakkar þessum aðilum fyrir áhuga á gerð svæðisskipulagsins og þátttöku í útboðinu. Framkvæmd útboðsins var í umsjón Ríkiskaupa og þakkar Fjórðungssambandið fyrir gott samstarf um framkvæmd þess.

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri, Vestfjarðastofu, segir tilboðinu hafa verið tekið enda sé það metið hagstæðast fyrir kaupanda samkvæmt valforsendum útboðslýsingar. Því sé kominn á bindandi samningur milli aðila. Skipulagsgerðin hefst síðan nú í febrúar með fundi Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða og skipulagsráðgjafa.



@Romain Charrier

VINNUFUNDUR SÓKNARHÓPS VESTFJARÐASTOFU



BRAGI VALDIMAR OG INGVAR ÖRN FÓRU DÝPRA Í ÍMYNDARMÁL MEÐ SÓKNARHÓPI VESTFJARÐASTOFU

6. febrúar var haldinn vinnufundur Sóknarhóps Vestfjarðastofu undir handleiðslu Braga Valdimars Skúlason frá Brandenburg og Ingvars Örn Ingvarsson frá Cohn & Wolfe. Vinnufundurinn byggði á því starti sem Sóknarhópurinn fékk á fundi í nóvembermánuði síðastliðnum þar sem yfirskriftin var *Hvernig eflum við ímynd Vestfjarða?* Á fundinum var ímynd svæðisins skoðuð bæði út frá sjónarhorni íbúa og hvernig þeir mátu að hún væri skynjuð utanfrá. Þar að auki var kafað undir yfirborðið og reynt að finna sameiginleg gildi og tóninn í þeim skilaboðum sem við viljum senda frá okkur sem heild.

Á fundinum var notast við gagnvirka tækni sem heitir Mentimeter og gátu fundargestir séð hugmyndir sínar og annarra birtast á skjánum í rauntíma og unnið áfram með þau gögn. Þetta reyndist mjög vel að mati fundarskipuleggjenda, þó eðlilega hafi smá vankantar stungið upp kollinum líkt og búast má við þegar nýrri tækni er beitt í fyrsta sinn. Við erum þó sannfærð um að þetta verði nýtt frekar í framtíðinni. Unnið hefur verið að greiningu gagna og verður brátt boðið til fundar aftur með hópnum til að fara yfir niðurstöður.

Í Sóknarhópi Vestfjarða eru aðilar úr atvinnulífinu á Vestfjörðum. Hópurinn er tvískiptur, það er annars vegar atvinnu- og byggðaþróunarsvið og hinsvegar Markaðsstofa Vestfjarða. Boð um að skrá sig í hópinn stendur ávallt opið og geta áhugasamir sett sig í samband við okkur hjá Vestfjarðastofu til þess.



NÝR SUMARVIÐBURÐASJÓÐUR HAFNA ÍSAFJARÐARBÆJAR

Settur verður á stofn sérstakur sumarviðburðasjóður Hafna Ísafjarðarbæjar og hefur umgjörð og stofnun sjóðsins verið samþykkt af hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar. Markmiðið með sjóðnum er að styrkja og bæta bæjarbrag í tengslum við skemmtiferðaskipakomur, með áherslu á að efla menningu og mannlíf. Styrkjum er úthlutað til einstakra viðburða, eða raða viðburða, en ekki eru veittir styrkir til rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbóta eigna eða fyrirtækja.

Úthlutað er til lögráða einstaklinga, listhópa, félagasamtaka, stofnana eða fyrirtækja sem koma að menningarviðburðum í Ísafjarðarbæ.

Helstu skilyrði fyrir styrkveitingu:

- Viðburðir skulu haldnir á tímabilinu maí til september
- Viðburðir skulu vera þátttakendum/áhorfendum að kostnaðarlausu
- Viðburðir sem haldnir eru á milli klukkan 10:00 og 15:00 njóta forgangs
- Hægt er að sækja um styrk að hámarki 1.000.000 kr.

Ísafjarðabær mun tilnefna tvo aðila og Vestfjarðastofa tilnefnir einn í úthlutunarnefnd ásamt einum starfsmanni Vestfjarðastofu sem heldur utan um vinnu sjóðsins. Á fundi hafnarstjórnar var Hilmari Lyngmó hafnarstjóra falið að útnefna fulltrúa í úthlutunarnefndina.

Sjóðurinn verður auglýstur á næstu dögum þar sem áhugasamir geta nálgast umsóknareyðublað. Einnig verður boðað til fundar á Vestfjarðastofu þar sem sjóðurinn verður kynntur betur.



Undirbúningur Púkans hafinn á ný

Undirbúningur fyrir barnameningarhátíðina Púkann 2024 er kominn á fullt skrið og verður hann haldinn dagana 15.-26. apríl. Í endurmati á hinum fyrsta Púka sem fram fór síðasta haust kom fram að betur færi á að halda hátíðina að vori og því var ákveðið að kýla á næstu hátíð strax í vor, þó hún yrði minni í sniðum en sú fyrsta. Vestfirsk ungmenni völdu þema Púkans í ár sem er: Af hverju búum við hér? Hátíðin er líkt og áður menningarhátíð ætluð vestfirskum börnum á grunnskólaaldri.

Púkinn vinnur innan þriggja formerkja: að vinna að menningu með börnum, menningu fyrir börn og menningu sem börn skapa sjálf. Í ár verður höfuðáhersla lögð á síðastnefnda liðinn og unnið að listsköpun barnanna með ráðum og dáð.

Vestfjarðastofa leiðir vinnuna við Púkann en mikilvægt er að hann sé hátíð sem flestra og það þýðir að gott samstarf þarf að vera á milli skóla, menningarstofnana og sveitarfélaga eftir því sem á við. Stýrihópur Púkans hittist reglulega og þann 22. febrúar var haldinn opinn fundur fyrir alla áhugasama á Teams. Mæting var góð og gott hljóð í fólki varðandi áframhaldið.

Á fundinum var farið yfir hugmyndir sem stýrihópur lagði fram að verkefnum og listmiðlum fyrir hátíðina í ár, þar sem búið er að sundurliða verkefni út frá skólastigum. Kallað var eftir virku samtali við þá sem vinna með börnum á svæðinu og eru með vettvang til menningarstarfsemi.

Það verður spennandi að fylgjast með púkunum á Púkanum til framtíðar og vonumst við til að vegur hátíðarinnar muni vaxa og hún tryggja sig kirfilega í sessi.



KUKLIÐ FÆR STYRK UPP Á 15 MILLJÓNIR

Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra, hefur úthlutað styrkjum að upphæð 130 milljónum króna til tíu verkefna á vegum sjö landshlutasamtaka sveitarfélaga. Styrkjunum er ætlað að efla byggðir landsins og er úthlutað til sértækra verkefna á sóknaráætlanasvæðum í samræmi við stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036 (aðgerð C.1). Alls bárust 18 umsóknir um styrki að fjárhæð rúmar 371 m.kr. fyrir árið 2024.

Eitt verkefni á Vestfjörðum hlaut styrk að þessu sinni, Kuklið – frumkvöðlasetur matvæla. Það er Fjórðungssamband Vestfirðinga hlýtur styrkinn sem rennur til Kuklsins og er hann að upphæð kr. 15.000.000. Kuklið er í eigu einkaaðila á Hólmanvík, en atvinnuástand þar beið mikinn hnekki á síðasta ári eftir lokun rækjuvinnslunnar Hólmandrangs. Kuklið ætlar að breyta og standsetja hluta gamals fiskvinnsluhúss sem Galdur Brugghús nýtir einnig. Með Kuklinu verður boðið upp á matvælaframleiðslu með aðgengi að framleiðslurými og klasamyndun og meðal þeirra sem þar verða með framleiðslu sína eru Fine Foods Islandica og Sveppasmiðjan.

Markmiðið með þessum styrkjum er að tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaaætlun og færa heimafólki aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna. Áhersla er lögð á að styrkja svæði þar sem er langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Verkefni sem hljóta styrk skulu nýttast einstökum svæðum eða byggðarlögum innan landshlutans, eða landshlutanum í heild. Íbúaþróun, samsetning atvinnulífs og atvinnustig og meðaltekjur var meðal þess sem lagt var til grundvallar við mat á umsóknum.



Frá Hólmanvík



Fine Foods Islandica er eitt þeirra fyrirtækja sem verða í Kuklinu

VEL HEPPNAÐ MÁLÞING UM ORKUSKIPTI



Málþingið *Afhverju orkuskipti – loftslags- og orkuskiptaáætlanir sveitarfélaga* var haldið að frumkvæði Vestfjarðastofu þann 8. febrúar í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Góð mæting var og almenn ánægja með það sem þar fór fram meðal þátttakenda. Flutt voru sex ólík erindi um loftslagsbreytingar og nauðsynleg viðbrögð við þeim og fjölluðu sérfræðingar á ólíkum sviðum um helstu áskoranir. Í lokin voru pallborðsumræður með fyrirlesurum þar sem mikið var rætt um álitamál í samhengi við hlutverk sveitarfélaga í málaflökknum.

Málþingið markaði upphafið að þeirri vinnu sem nú fer í hönd með sveitarfélögunum við gerð loftslags- og orkuskiptaáætlana undir handleiðslu Hjörleifs Finnssonar, verkefnastjóra umhverfis- og loftslagsmála hjá Vestfjarðastofu. Það sem knýr vinnuna áfram er annars vegar samþykkt Fjórðungssamband Vestfirðinga að hefja gerð loftslagsstefnu og hins vegar þátttaka í evrópuverkefni RECET þar sem lokaafurðin á að vera orkuskiptaáætlun fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum.

Hjörleifur steig á stökk á málþinginu þar sem hann fjallaði um næstu skref sveitarfélaganna í þeirri vinnu sem nú fer í hönd. Í vinnu sem þessari er enginn eyland og mikilvægur liður í að árangur náist að hluteigandi aðilar komi með virkum hætti að borðinu. Þetta málþing markaði upphafið að þessari sameiginlegu vinnu. Nú er í undirbúningi stofnun vinnuhóps og á næstu mánuðum verður efnt til víðtæks samráðs þar sem ólíkir hópar, bæði úr samfélaginu og sérfræðingar í loftslagsmálum leggja til við mótun stefnunnar.

Á vormánuðum verður haldið áfram með kynningar og samráð við almenning og hagsmunaaðila á opnum fundum um gerð Svæðisskipulag Vestfjarða og Sóknaraáætlun fjórðungsins



MARKAÐSSTOFAN SÓTTI VESTURLAND HEIM

Markaðsstofa Vestfjarða er hluti af Markaðsstofum landshlutanna eða MAS og er þar mikið lagt upp úr góðu og nánu samstarfi. Mánaðarlega eiga þær saman fundi á netinu en tvisvar á ári er boðað til staðfunda sem eru þá haldnir af mismunandi markaðsstofum og var slíkur haldinn á Vesturlandi dagana 22.-23. febrúar.

Að vanda var farið yfir ýmis sameiginleg málefni og stilltir saman strengir varðandi skipulag starfsins framundan. Sölvi Guðmundsson forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða segir samstarf sem þetta gríðarlega mikilvægt, það feli í sér jafningjafræðslu sem skilar sér í bættri starfsemi og sparnaði á fjármunum í gengum samlegðaráhrif. Þar að auki vinni markaðsstofurnar að sameiginlegum verkefnum og nýti sér um margt sömu kerfi og því sé gott að hittast og treysta böndin og dýpka þekkinguna.

Þar sem eitt helsta hlutverk markaðsstofanna er að kynna sína landshluta eru staðfundirnir iðulega einnig nýttir til þess að heimsækja ferðaþjónustufyrirtæki á svæðunum. Markmiðið með því er að skoða nýjungar til að það sem vel er gert með það fyrir augum að sjá hvort hægt sé að heimfæra þær á ólík svæði. Að þessu sinni var farið í heimsókn á Landnámssetrið, hestabúgarðiinn á Sturlureykjum, Snorrastofu og Hótel Varmaland.



Þá funduðu forstöðumenn MAS með Íslandsstofu í Hvammsvík þar sem unnið var að verkferlum fyrir samstarfssamning Markaðsstofa og Íslandsstofu sem snýr að erlendri markaðssetningu á Íslandi sem áfangastað. Markaðsstofurnar hafa um langt skeið átt í nánu samstarfi við Íslandsstofu, en það var í fyrsta sinn formgert með samningi árið 2021 sem náði yfir þriggja ára tímabil. Nú stendur til að gera nýjan samning og var fundurinn liður í að koma þeim samningi í höfn.



NEFND UM MÁLEFNI STRANDA STOFNUÐ

Forsætisráðherra hefur stofnað nefnd um málefni Stranda. Nefndin hefur þegar hafið störf og er hún skipuð fulltrúum forsætisráðuneytis, innviðaráðuneytis, Bygðastofnunar og Fjórðungssambandi Vestfjarða, auk fulltrúa sveitarfélaganna þriggja, þ.e. Árneshrepps, Kaldrananeshrepps og Strandabyggðar. Markmið með skipan hennar er að skapa vaxtarskilyrði fyrir samfélag og atvinnulíf á svæðinu með sjálfbærni að leiðarljósi. Nefndin skal gera tillögur um hvernig megi efla byggðapróun á Ströndum, m.a. með tilliti til fjárfestinga, atvinnuframboðs og atvinnutækifæra í Árneshreppi, Kaldrananeshreppi og Strandabyggð. Skila á forsætisráðherra tillögum eigi síðar en 1. júlí nk.

Nefndin telur samráð við íbúa og aðila svæðisins afar mikilvægt og leitar því til þeirra sem vilja koma hugmyndum sínum og ábendingum á framfæri. Í fyrstu er óskað eftir því að þau sem vilja koma ábendingum eða hugmyndum til nefndarinnar sendi þær í tölvupósti á netfangið for@for.is. Þá er stefnt að frekara samtali og samráði við íbúa þegar fyrstu drög að tillögum nefndarinnar liggja fyrir og verður það auglýst nánar síðar.



Frá Gálmaströnd er borað var eftir heitu vatni þar fyrir í vetur

UPPTÖKUR EIGNAST SINN STAÐ Á HEIMASÍÐU OKKAR

Á heimasíðu okkar www.vestfiridir.is er nú að finna sér síðu þar sem nálgast má upptökur frá fundum, málþingum og öðru slíku sem Vestfjarðastofa hefur staðið fyrir. Í flettlugga sem birtist þegar smellt er á Vestfjarðastofu efst í aðalvalmynd er nú liður sem heitir einfaldlega upptökur.

Nýjasta nýtt eru upptökur frá málþinginu *Af hverju orkuskipti – loftslags- og orkuskiptaáætlanir sveitarfélaga*. Þar er að finna sex spennandi og áhugaverð erindi frá sérfræðingum á sviði loftslagsmála, líkt og erindi Guðbjargar Ástu Ólafsdóttur sem myndin hér til hliðar vísar í. Erindi hennar á sannarlega erindi til margra á Vestfjörðum sem byggja líf sitt og afkomu á auðlindum hafsins.

Áhrif loftslagsbreytinga á hafið og auðlindir þess.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir
forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum



10



Samtal um aðgerðaáætlun í ferðamálum



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaraðuneytið

FERÐAMÁLARÁÐHERRA BOÐAR TIL FUNDAR Á ÍSAFIRÐI

Lilja Dögg Alfreðsdóttir ferðamálaráðherra býður til opinna umræðu- og kynningarfunda um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030. Fundirnir eru haldnir víðs vegar á landinu og verður ráðherra á Ísafirði 4. mars kl. 13:00 í Edinborgarhúsinu.

Fyrstu drög að aðgerðaáætlun ferðamálastefnu 2030 voru unnin í víðtæku samráði stjórnvalda við fjölda hagaðila. Drögin eru byggð á vinnu sjö starfshópa og stýrihóps og voru birt í samráðsgátt stjórnvalda í nóvember á síðasta ári, en tveir fulltrúar Vestfjarðastofu sátu í hópunum.

Ferðapjónustuaðilar og áhugasöm um þróun ferðapjónustunnar hjartanlega velkomin! Hlekk inn á frekari upplýsingar og skráningarform er að finna undir liðnum á döfnni á heimasíðu okkar vestfirdir.is



Lilja Dögg heilsaði upp á vestfirsku ferðapjóna á Mannamótum í janúar

Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti

Framkvæmdaráð EarthCheck sjálfbærnivottunarkerfisins kallar eftir athugasemdum hagsmunaaðila við endurnýjaða sjálfbærnistefnu Vestfjarða, sem er almenn stefna Vestfjarða í umhverfis- og samfélagsmálum. Þessi stefna er forsenda vottunar Earthcheck á Vestfjörðum sem sjálfbærum áfangastað.

Öllum Vestfirðingum og velunnurum er hér með gefin kostur á að gera athugasemd við stefnuna og senda á Hjörleif Finnsson verkefnistjóra Earthcheck hjá Vestfjarðastofu á netfangið hjorleifur@vestfirdir.is fyrir 14. mars n.k.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum, Árneshreppur, Bolungarvík, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð samþykkja sameiginlega stefnu um að Vestfirðir verði umhverfisvænt og sjálfbært samfélag þar sem áhersla er lögð á að varðveita umhverfi, sögu, minjar og landslag fyrir komandi framtíð. Sveitarfélögin einsetja sér að vinna stöðugt í átt að sjálfbærni í starfsemi sinni, skipulagi og stefnumótun og horfa þar til náttúru- og landverndar. Þar með setji þau fordæmi fyrir fyrirtæki, íbúa og stofnanir á svæðinu til að feta sömu braut. Sveitarfélögin munu kynna stefnuna og árangurinn og skapi þannig jákvæðari ímynd af afurðum og þjónustu á svæðinu. Þau leggja áherslu á gott starfsumhverfi á Vestfjörðum fyrir ferðaþjónustu og aðra sjálfbæra atvinnuvegi og fari fram með góðut fordæmi. Sveitarfélögin munu setja sér stefnu í loftslagsmálum og minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum leitast við að fylgja ákvæðum alþjóðlegra samþykktu og innlendra áætlana um umhverfisvernd, auk þess sem fylgt er íslenskum lögum, reglugerðum, samningum og samþykktum sem falla undir málefni umhverfisstefnunnar. Einnig er fylgt siðareglum ferðamálastofnunar Sameinuðu Þjóðanna (UNWTO). Þetta nær einnig til þess ramma sem EarthCheck vottunin setur um úttekt og vottun og byggir á siðareglum APTA og APEC. Af innlendum lögum má helst nefna lög nr. 70/2012 um loftslagsmál, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lög nr. 60/2013 um náttúruvernd, lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra gæða og hvetja alla Vestfirðinga og gesti til að fylgja fordæminu og efla sjálfbæra þróun í samfélaginu.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa einsett sér að:

- 1. Starfsemi sveitarfélaganna miði að stöðugum framförum í umhverfislegu, hagrænu og félagslegu tilliti í anda sjálfbærrar þróunar með hliðsjón af ársskýrslum EarthCheck fyrir svæðið.*
- 2. Nýta vinnuafli, vörur og þjónustu af svæðinu að því marki sem mögulegt er og efla þannig hagkerfi í heimabyggð.*
- 3. Starfa í anda samfélagslegrar ábyrgðar og hvetja fyrirtæki til þess sama. Leiðarljós er að efla samhug, samheldni og samskipti fólks, samþætta menningu, atvinnu og umhverfismál.*

Sveitarfélögin á Vestfjörðum vilja efla samskipti við alla hagsmunaaðila og tryggja samræmdar aðferðir við að ná framúrskarandi árangri í umhverfis- og félagsmálum. Skilvirk miðlun upplýsinga á vefsvæðum og í ársskýrslum er liður í því, svo og gott samráð um starf sveitarfélaganna að sjálfbærri þróun í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna og loftslagsráðstefnunnar í París 2015. Sveitarfélögin á Vestfjörðum vinna sameiginlega og hvert í sínu lagi að eftirfylgni framkvæmdaáætlunar. Kaupi inn aðföng, dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda og sinni úrgangsmálum í samræmi við þessa stefnu.



EARTHCHECK



STÓRHUGA STRANDAMENN

Umsóknarfrestur í Frumkvæðissjóð Sterkra Stranda rann út 26. febrúar. Óhætt er að segja að mikil gróskutíð ríki í hugmyndaauði Strandamanna því umsóknir hafa aldrei verið fleiri. 33 umsóknir bárust og heildarupphæð styrkbeiðna var 87.141.343 kr. sem er mun hærra en áður hefur sést, en sjóðurinn hefur 16.500.000 kr. til ráðstöfunar í þessari síðustu úthlutun verkefnisins. Nú ræður úthlutunarnefnd ráðum sínum og mega umsækjendur vænta svara um miðjan mars.

Sterkar Strandir er byggðaþróunarverkefni í Strandabyggð sem rekið er undir merkjum Brothættra byggða og hefur það meginmarkmið að stöðva viðvarandi fólksfækkun.

STYRKIR TIL ATVINNUMÁLA KVENNA ÁRIÐ 2024

Opið er fyrir styrkumsóknir í sjóð atvinnumála kvenna. Heildarfjárhæð sjóðsins er 40.000.000. Hægt er að sækja um styrki til markaðssetningar og vöruþróunar að hámarki 4.000.000. Auk þess er hægt að sækja um fyrir gerð viðskiptaáætlana.

Umsóknarfrestur er til og með 7.mars og skal sækja um rafrænt á heimasíðunni

www.atvinnumalkvenna.is

Þar er jafnframt að finna úthlutunarreglur og aðrar gagnlegar upplýsingar fyrir umsækjendur.



ATVINNUMÁL KVENNA
STYRKIR

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR Í LÓUNA

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um styrki úr Lóu, nýsköpunarstyrkjum fyrir landsbyggðina

Lóu styrkir eru veittir verkefnum sem komin eru af byrjunarstigi samkvæmt skilgreiningu OECD þar sem nýsköpun er skilgreind sem innleiðing nýrrar eða mjög endurbættrar vöru, þjónustu eða ferils, nýttar aðferðar til markaðssetningar eða nýttar skipulagsaðferðar í viðskiptaháttum, skipulagi á vinnustað eða ytri samskiptum.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn og getur hvert verkefni fengið styrk sem nemur allt að 20% af heildarúthlutun hvers árs. Heildarfjárhæð Lóu árið 2024 er 150 m.kr. sem er hækkun frá fyrri árum þegar upphæðin var 100 m.kr. Að hámarki geta 50 m.kr. farið til verkefna sem tengjast stuðningsumhverfi nýsköpunar, þar sem a.m.k. 100 m.kr. af heildarúthlutun verður úthlutað beint til verkefna á vegum einkaaðila. Krafa er gerð um að lágmarki 30% mótframlag frá umsækjanda og samstarfsaðilum (ef á við). Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2024. Áætlað er að úthlutun fari fram í maí.

- Umsóknir berist rafrænt á minarsidur.hvin.is og má finna frekari upplýsingar á vestfirdir.is undir á döfinni.

Fjögur verkefni á Vestfjörðum fengu styrk í síðustu úthlutun. Sjótækni fékk 4.000.000 kr. í verkefnið Bætt velferð laxa í sjókvíum. Fine Foods Islandica fékk 3.913.104 kr. í verkefnið Virðisaukandi vörur úr íslenskum sjávarafurðum og eldisþangi. Ískalk fékk 2.500.000 kr. í verkefnið Áburðurðarframleiðsla í héraði. Að lokum þá fékk Guðfinna Lára Hávarðardóttir á Stóra Fjarðarhorni í Kollafirði á Ströndum 1.120.000 kr. í verkefnið Skel og Þörungaframleiðsla til nýtingar í landbúnaði. Líkt og sjá má geta styrkir úr Lóunni skipt sköpum fyrir verkefni og hvetjum við alla áhugasama að sækja um og minnum á að starfsfólk Vestfjarðastofu er boðið og búið að leggja umsækjendum lið.

